

2 eigi að neyta óblandaðs, — en vottorð hreppstjórans í Þingeyrarhreppi getur
28. jan. eigi orðið tekið til greina í þessu efni, — virðist það rjett að þjer hafið heimt
toll af bitter þessum eptir áðurnefndum lögum frá 1899.

3
28. jan. **Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Isafjarðarsýslu um endurborgun á tolli.** — Með brjefi, dagsettu 7. nóvbr. f. á., hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað erindi frá forstöðumanni Á. Ásgeirssonar verzlunar á Þingeyri, þar sem hann beiðist endurborgunar á ofgreiddum tolli af exportkaffi.

Málið er svo vaxið. Eptir tollskrá gufuskipsins »Ceres« fluttist til Flateyrar síðast í október 1899 857 pd. af kaffibæti; þessi sending var lögð á land á Ísafirði, og tollurinn greiddur þar af 857 pd. kaffibætis af verzlunarstjóra Á. Ásgeirssonar verzlunar á Ísafirði. Síðan var sending þessi flutt til Flateyrar með öðru gufuskipi. Þegar verzlunarstjóri Á. Ásgeirssonar á Isafirði greiddi tollinn, virðist hann eigi hafa haft annað fyrir sjer en reikning frá yður, en þessi reikningur var saminn eftir tollskránni. Síðan hefir það komið í ljós, að í hinni umræddu sendingu, sem eptir vöruskrá skipsins og vottorði afgreiðslumanns þess var að þyngd 452 pd brutto, áttu að vera 412 pd. netto af kaffibæti.

Með því að það þannig virðist mega telja sannað, að í hinni umræddu sendingu hafi að eins verið 412 pd. af kaffibæti, og að ofkrafinn sje þá tollur af 445 pd. kaffibætis, virðist rjett að hin ofborgaða tollupphæð, 44 kr. 50 a., verði, eins og þjer leggið til, endurborguð, og færð til útgjalda í aðflutningsgjaldsreikningi yðar, að frádregnum 2%.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda.

Reglugjörð

4
2. jan. **um viðurværi skipshafna á íslenskum skipum, svo og um það, hver læknislyf skuli vera á skipi og hve mikið af þeim.**

Samkvæmt fyrirmælum 71. greinar í farmannalögum 22. marzm. 1890, er hjer með sett reglugjörð sú, sem hjer fer á eptir, um viðurværi skipshafna á íslenskum skipum, svo og um það, hver læknislyf skuli á skipi vera, og hve mikið af þeim.

1. Um viðurværi skipshafna.

Vikuskammtur fyrir hvern mann skal vera:

7 pd. af brauði, skönroki eða hörðum hveitikökum.

3 pd. af saltkjöti hráu, til þriggja daga.

1½ pd. af söltu fleski hráu, til tveggja daga.

1 pd. af saltfiski eða hörðum fiski, til tveggja daga.

1 pd. af smjöri.

1½ mörk af bygggrjónum í graut eða grjónasúpu.